

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 153. löggjafarþings, frá 16. desember 2022 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 23. janúar 2023.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 2022.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.

Alþingi samþykkti hinn 16. desember 2022 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 153. löggjafarþings, frestað hinn 16. desember 2022.

Forsætisráðuneytinu, 19. desember 2022.

F. h. r.
Bryndís Hlöðversdóttir.

Páll Þórhallsson.